

íslenzkra sjálfseignarvörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. desember 1955.

Nr. 7/1955. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Hótel Borgar (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Trúnaðarmenn. Uppsögn trúnaðarmanns ekki talin brot á 11. gr. laga nr. 80/1938, þar sem útnefning aðilja þess, er nefndi hann til trúnaðarmannsstarfa, gaf honum ekki lögvernd samkvæmt nefndu lagaákvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 27. september þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Hótel Borgar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að Hótel Borg verði dæmt til greiðslu sektar fyrir að hafa brotið 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að segja Baldri Gunnarssyni framreiðslumanni á Hótel Borg upp störfum, en uppsögn þessi hafi verið ólögmæt samkvæmt nefndri 11. gr., þar sem Baldur hafi verið trúnaðarmaður Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna á nefndu hóteli. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 1. júlí þ. á. tilkynnti stjórn Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna Hótel Borg, að hún hefði nefnt þá Baldur Gunnarsson og Pálma Bergmann til trúnaðarmannsstarfa fyrir sambandið á nefndu hóteli og óskaði stjórnin eftir svari innan 10 daga um það, hvorn þessara manna hótelið samþykkti sem trúnaðarmann. Hótel Borg sinnti ekki bréfi þessu og hinn 21. s. m. ritaði stjórn sambandsins hótelinu bréf þess efnis, að Baldur Gunnarsson, sem þá var framreiðslumaður þar, hefði verið tilnefndur trúnaðarmaður sambandsins þar. Ekki verður séð, að Hótel Borg hafi heldur þá tjáð sig um þessa útnefningu Baldurs. Hinn 25. ágúst gerðist það, að Baldri var sagt upp störfum að Hótel Borg sem framreiðslumanni, með umsömdum hálfsmánaðaruppsagnarfresti. Samband matreiðslu- og framreiðslumanna mótmælti uppsögn þessari með bréfi dags. 1. sept. s.l. og taldi hana brot á 11. gr. laga nr. 80/1938. Krafðist sambandið þess í nefndu bréfi, að uppsögnin yrði afturkölluð. Hótel Borg sinnti ekki þeim tilmælum og lét Baldur af störfum þar, að liðnum uppsagnarfresti, en stefnandi höfðaði mál þetta eins og að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því, að Baldur hafi verið skipaður trúnaðarmaður sambandsins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 80/1938. Hafi hann af þeim sökum notið sérstakrar verndar samkvæmt 11. gr. sömu laga og Hótel Borg því verið óheimilt, eins og á stóð, að segja honum upp störfum án nokkurs tilefnis af hans hálfu. Hafi uppsögnin þannig verið brot á nefndri 11. gr. en við broti á henni liggi refsing samkvæmt ákvæðum 70. gr. sömu laga.

Stefndi krefst fyrst og fremst sýknu á þeim grundvelli, að útnefning Baldurs Gunnarssonar til trúnaðarmannsstarfa á Hótel Borg hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 9. gr. laga nr. 80/1938 og hafi hann því ekki notið þeirrar verndar, sem 11. gr. sömu laga veiti trúnaðarmönnum stéttarféлага. Er þessi staðhæfing hans á því byggð, að einungis þeir trúnaðarmenn, sem tilnefndir séu af stéttarfélagi geti notið hinnar

sérstöku verndar 11. greinar nefndra laga. Hér standi hins vegar svo á, að Baldur Gunnarsson hafi ekki verið tilnefndur trúnaðarmaður af stéttarfélagi sínu, Framreiðsludeild Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna, sem sé í eðli sínu sjálfstætt stéttarfélag, heldur hafi sambandsstjórnin nefnt hann til starfans. Telur stefndi, að slík útnefning skapi tilnefndum trúnaðarmönnum ekki þá lögvernd, sem felist í ákvæðum 11. gr. laganna.

Stefnandi hefur mótmælt þessari skoðun stefnda og heldur hann því fram, að trúnaðarmaður, sem Sambandið tilnefnir, njóti að öllu sama réttar og trúnaðarmaður nefndur af einstökum stéttarfélögum, enda sé Samband matreiðslu- og framreiðslumanna í raun rétttri stéttarfélag með deildaskiptingu.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1938, á stéttarfélag hvers staðar, „í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannastarfa úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna“. Í síðustu málsg. sömu greinar segir: „Verði ágreiningur milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn“. Í 12. gr. nefndra laga eru ákvæði um það, að stéttarfélag getur svipt trúnaðarmann umboði sínu og nefnt annan í hans stað. Loks geymir 11. gr. laganna ákvæði um það, að vinnuveitendum sé óheimilt að láta trúnaðarmenn gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim trúnaðarmannsstörf, og sitja skulu þeir að öðru jöfnu fyrir vinnu, ef fækka þarf starfsmönnum. Ef vinnuveitandi brýtur gegn ákvæðum 11. gr. getur hann felld á sig refsingu fyrir það brot samkvæmt 70. gr. laganna. Þegar lítið er til þessara ákvæða og í huga haft hvers konar hlutverki trúnaðarmenn gegna þykja öll rök að því hníga, að skýra beri ákvæði 9. gr. nefndra laga svo, að réttur til að nefna trúnaðarmenn með þeim réttindum, sem í 11. gr. sömu laga getur og þeim viðurlögum fyrir vinnuveitendur, er af broti á henni getur leitt, sé aðeins veittur einstökum stéttarfélögum, en ekki samböndum stéttarfélaga, hvorki beint né óbeint.

Samkvæmt 2. gr. laga Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna skulu allt að því fjögur félög vera í samband-

inu, hvert um sig landsfélag, og skiptast þau þannig: a) fyrir framreiðslumenn b) fyrir matreiðslumenn c) fyrir fiskiskipamatsveina og d) fyrir starfsfólk í veitinga- og gistihúsum og fólk við sömu störf á skipinu. Félög þessi semja síðan sjálf um kaup og kjör meðlima sinna. Í 3. gr. laga sambandsins segir, að hægt sé að stofna fleiri félög innan sambandsins fyrir fólk í þeim störfum, sem greint var í a-d lið. Samkvæmt 10. gr. geta sambandsfélög sagt sig úr sambandinu og samkvæmt 12. gr. skulu sambandsfélög hafa lokið við aðalfundi sína fyrir tiltekinn tíma ár hvert. Í 14. gr. segir, að formenn sambandsfélaga séu sjálfkjörnir í stjórn sambandsins. Þá sést af ákvæðum 16. gr. að kjörnir fulltrúar hinna ýmsu sambandsfélaga hafa einir atkvæðisrétt á aðalfundi sambandsins. Þegar þessi og önnur atriði samþykktu S.M.F. eru virt þykir sýnt, að Samband matreiðslu- og framreiðslumanna sé, eins og nafn þess bendir til, samband stéttarféлага í mismunandi starfsgreinum.

Það hefur og komið fram í máli þessu, að framreiðslumenn hafa stofnað til samtaka, sem þeir kalla Framreiðsludeild sambands matreiðslu- og framreiðslumanna. Samkvæmt svokallaðri reglugerð deildar þessarar, þ. e. samþykktum hennar, nær starfssvið hennar yfir allt Ísland, og er tilgangur deildarinnar að efla samvinnu og samtök iðnlærðra framreiðslumanna — semja um kaup og kjör og gæta þess, að réttur deildarmanna sé ekki borinn fyrir borð í atvinnumálum. Inntöku geta þeir einir fengið, sem hafa iðnréttindi í framreiðslu. Inntökubeiðnir skulu vera skriflegar og leggjast fyrir deildarfund til samþykktar, og getur enginn orðið félagsmaður (deildarmaður) fyrr en deildarfundur hefur samþykkt hann og umsækjandi greitt inntökugjald. Deildarmenn fá sérstök félagsskirteini. Deildin hefur sérstaka stjórn, fer algerlega með fjármál sín og hefur komið á fót hjá sér trúnaðarmannaráði, sem hefur samkvæmt samþykktum deildarinnar vald til þess að taka ákvörðun um að hefja vinnustöðvun og létta henni af. Þá semur deildin beint við vinnuveitendur um kaup og kjör. Verður ekki annað séð, en Framreiðsludeild sambands matreiðslu- og framreiðslumanna sé samkvæmt samþykktum

sínum sjálfstætt stéttarfélag starfsmanna í sérstakri starfsgrein, en ekki deild í stéttarfélagi.

Þegar lítið er til þeirra atriða, sem nú hafa verið rakin, um skipulag og starfsemi Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna og það jafnframt haft í huga, sem áður var sagt um rétt stéttarfélaga til þess að útnefna trúnaðarmenn, er njóti hinnar sérstöku verndar 11. gr. laga nr. 80/1938, þá verður ekki talið, að Samband matreiðslu- og framreiðslumanna hafi með útnefningu Baldurs Gunnarssonar til trúnaðarmannsstarfa á Hótel Borg fært honum í hendur þá lögvernd, sem rétt skipaðir trúnaðarmenn stéttarfélaga annars almennt fá samkvæmt nefndu ákvæði vinnulöggjafarinnar. Það var því ekki brot á oftnefndri 11. gr. laga nr. 80/1938 þótt Hótel Borg, eins og á stóð, segði Baldri Gunnarssyni upp framreiðslumannsstörfum í s.l. ágústmánuði, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Hótel Borgar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
